


SVEITARSTJÓRN
DALABYGGÐAR

Úr dagbók sveitarstjóra,
framlagt á 227. fundi
þann 10. nóvember 2022



Fyrst skal nefna að þann 19. október s.l. fundaði ég með kollegum mínum í Reykhólasveit og Strandabyggð í gegnum fjarfundarbúnað þar sem við ræddum ýmis sameiginleg verkefni sem við erum að vinna með í dag sem og hvaða möguleika við hefðum til að auka það samstarf.

Annar fundur með fulltrúum Reykhólahrepps og Strandabyggðar var haldinn í Tjarnarlundi þann 2. nóvember og sat þann fund með mér formaður byggðarráðs. Vilji til aukinnar samvinnu er mikill og að mínu mati eru all miklir hagsmunir fólgirnir í því að auka samstarf á ýmsum sviðum.



Undirritaður átti þann 21. október fund með framkvæmdastjóra Samskiptamiðstöðvarinnar með það í huga að ganga til samstarfs við fyrirtækið um þjónustu í barnarverndarmálum. Nú liggja fyrir drög að samningi sem félagsmálanefnd og byggðarráð munu taka til umræðu á næstunni.

Formaður stéttarfélagssins Kjalar kom í heimsókn til okkar þann 20. október s.l. og kom við á skrifstofu Dalabyggðar ásamt því að heimsækja aðrar starfsstöðvar okkar. Erindið var að fara yfir stöðuna almennt, m.a. með tilliti til þess hvernig til hefði tekist með styttingu vinnuvikunnar.



Verkefnið DalaAuður var í brennidepli síðustu vikur, fundir og undirbúningur vel heppnaðrar úthlutunarhátíðar sem haldinn var að Laugum í Sælingsdal föstudaginn 4. nóvember s.l. Í kjölfarið sendi ég frá mér grein inn á www.visir.is með yfirskriftinni: „Dalabyggð – samfélag í sókn“.


DalaAuður, hefur fengið „gott start“ ef svo má segja og vonandi að framhald verði á. Ég vil nota tækifærið til að óska öllum þeim sem fengu stuðning við sín verkefni innilega til hamingju og við þá aðra sem sóttu um en fengu ekki brautargengi þá segi ég; það er stutt í næstu úthlutun og því alls ekki ástæða til að leggja árar í bát því eins og fyrr segir, Dalabyggð er samfélag í sókn.



Þann 25. október átti ég ásamt verkefnastjóra fund með forsvarsmönnum sjónvarpsstöðvarinnar N4 sem Dalabyggð hefur átt gott samstarf við undanfarin ár. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi við stöðina á komandi ári og er gert ráð fyrir því samstarfi í fjárhagsáætlun komandi árs.

Vinna við undirbúning fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2023 og fjögurra ára áætlunar tók sinn skerf á því tímabili sem hér er undir og afgreiddum við afurð þeirrar vinnu hér fyrir á fundinum. Ég vil ítreka þakkir til starfsmanna Dalabyggðar sem og nefndarmanna og kjörinna fulltrúa fyrir þeirra mikla og góða framlag í þessari vinnu.

Nú tekur við vinna á milli umræðna og ljóst að mögulega koma til einhverjar breytingar og t.a.m. verður fróðlegt að taka umræðu á íbúafundi sem halda á í Dalabúð þann **17. nóvember n.k. kl. 20:00** þar sem það skjal sem samþykkt var hér fyrir á fundinum verður til umræðu.




Þann 26. október fór ég ásamt oddvita á fund meðeiganda Dalabyggðar að Laugum í Sælingsdal til að ræða sameiginleg hagsmunamál og yfirfara ákveðna þætti í tengslum við að nýir rekstraraðilar eru nú komnir að Laugum. Var þar rætt m.a. um vegi, sumarhúsalóðir, vatnslagnir- og lagnaleiðir, tjaldsvæðið og ýmislegt annað. Samtalið var gott og mikilvægt að halda góðu samtali og samstarfi um þennan merka stað sem Laugar eru.

Í kjölfar fundar sem undirritaður átti þann 5. október s.l. með heilbrigðisráðherra, þar sem lagt var fram minnisblað varðandi ósk Dalabyggðar og stjórnar Silfurtúns um að HVE yfirtaki rekstur heimilisins var fastsettur fundr með forstjóra HVE sem fram fór þann 1. nóvember s.l. Sá fundur var góður og er nú unnið að gerð viljayfirlýsingar um það hvernig við vinnum að því að kanna möguleika sem til staðar eru til að samþætta starf heilbrigðis- og öldrunarstofnana á svæðinu og ræddi stjórn Silfurtúns m.a. um málið á fundi sínum fyrr í dag.



Aðalfundur Fóðuriðjunnar fór fram þann 17. október s.l. og sat undirritaður þann fund. Í kjölfar hans hefur verið leitað leiða til að fanga vanda þess félags sem undið hefur upp á sig á liðnum árum.

Fjarskiptastofa hefur nú sent okkur niðurstöður varðandi úttekt á gæðum GSM símasambands í Dalabyggð en einhverra hluta vegna ekki birt hana opinberlega enn sem komið er. Eins og við þekkjum þá er verk að vinna hvað þetta mikilvæga öryggismál varðar og þurfum við að bretta upp ermar í þeim tilgangi á næstunni.



Það er fagnaðarefni sá kraftur sem settur hefur verið í af hálfu Nýsköpunarseturins, þar sem verkefnastjóri Dalabyggðar heldur utan um þræðina, í að halda ýmiskonar fræðsluerindi. Nálgunin hefur verið margþætt samanber að í september var kynning á DalaAuði og frumkvæðissjóðnum þar sem yfirskriftin var „tækifæri og umsóknarferli“. Í október voru tvö erindi: „Að byrja að byggja“ (á mannamáli) og „Samnýting aðkeyptrar þjónustu í Dalabyggð“. Í nóvember eru a.m.k. þrjú erindi: „Að hefja eigin rekstur“ (fyrstu skrefin), „Dalabyggð, hlutverk og skyldur“ og „Verðútreikningur“ (hvernig á að leggja á vöru/þjónustu).




Það er fagnaðarefni að í kjölfar samþykktar byggðarráðs Dalabyggðar um að styðja við bakið á Íþróttafélaginu Undra um allt að 1 millj.kr. í tengslum við frístundaakstur að Laugum að þá er allt komið á fullt við undirbúning þess spennandi verkefnis.

Ég held að megi segja að þetta verkefni eigi sér vart hliðstæðu í nútímanum á landsvísu þar sem verið er að reyna að ná til enn fleiri ungmenna með þessari þjónustu til þess að hvetja til aukinnar virkni í íþróttum og tímstundastarfi.

Íþróttafélagið Undir er dýrmæt vítamínsprauta inn í samfélagið sem ber að þakka og fékk félagið t.a.m. veglega styrki þegar úthlutað var úr frumkvæðasjóði DalaAuðar sem sagt var frá hér fyrir.





Eins og sjá má af þessari stuttu yfirferð má sjá að það eru margþætt viðfangsefni hjá okkur í Dalabyggð og er hér aðeins stiklað á stóru.

Starfsfólk Dalabyggðar, á hinum ýmsu starfsstöðvum, eru að sinna sínum daglegu verkum alla daga að sannri alúð og fyrir það vil ég þakka um leið og ég hvet okkur öll til dáða til að efla okkar góða starf enn frekar.

BBÞ – 10.11.2022